

Íslenska 8. bekkur

Kennrarar: Björg Sæmundsdóttir; Einar Daði Reynisson; Helga Björg Flóvents dóttir

8

Skólaárið

2023 - 2024

Helstu námsþættir vetrarins

Í veturnar verður kennsla samþætt í íslensku og samfélagsgreinum. Unnið verður í lotum sem við köllum Skorpur. Helstu námsþættir vetrarins eru lestur og bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun, framsögn og tjáning.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Skólaárið:

Bækurnar Kjalnesinga saga, Ys og þys - út af öllu, Strákurinn í röndóttu náttfötunum verða lesnar og unnin verkefni í tengslum við þær.

Unnið með fjölbreytta texta s.s. smásögur, fréttir og texta tengdum samfélagsgreinum.

Í málfræði verður farið í fallorð og sagnorð.

Unnið verður með stafsetningu og ritun jafnt og þétt.

Námsaðlögun

Námsefnið verður aðlagað sem best að þörfum hvers og eins og komið til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Námsmat

Verkefni, próf, sjálfsmat og jafningjamat.

Námsgögn

Kjalnesinga saga, Ys og þys út af ... öllu!, Strákurinn í röndóttu náttfötunum og verkefni frá kennara.

Á Classroom má sjá allar verkefnalýsingar.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

AS Íslenska 8. bekkur 2019 - 2024 - Lykilhæfni

- vandað vinnubrögð og lagt sig fram við námið
- Sýnt jákvæð viðhorf til skólastarfsins

AS Íslenska 8. bekkur 2019 - 2024 - Talað mál og hlustað

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- geti hlustað af virðingu á aðra hvort sem um upplestur eða samræður er að ræða

AS Íslenska 8. bekkur 2019 - 2024 - Lestur og bókmenntir

- lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- þekkt til grunnhugtaka í bókmenntafræði
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða

AS Íslenska 8. bekkur 2019 - 2024 - Ritun

- beitt reglum um réttitun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar
- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu mál, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun

AS Íslenska 8. bekkur 2019 - 2024 - Málfræði

- beitt þekkingu sinni við að finna fallorð í texta og greint í undirflokkja þeirra
- beitt þekkingu sinni við að finna sagnorð í texta og greint beygingarform þeirra